# Útboð

## Æðarvarp í Kollaleiru

Fjarðabyggð auglýsir til leigu nytjarétt á æðarvarpi í Kollaleiru í  Reyðarfirði.  Svæðið er það sem merkt er „Kollaleira Leirur“ á myndinni og er fyrir botni fjarðarins.

Engar fasteignir eða aðstaða er innifalin í leigu á afmörkuðu svæði í landi Kollaleiru.




Leigutímabilið er frá og með árinu 10.6.2024 til og með 31.12.2026.

Hið leigða er hlunnindi af svæðinu og er leigutaka heimilt að vekja athygli á nýtingarétti sínum með uppsetningu skilta og auglýsinga á tímabilinu 15.maí – 1.júlí ár.

Óskað er eftir tilboði í leigu á nýtingu æðarvarps sem verið hefur í Kollaleiru um árabil. Áætlað er að um 150-200 hreiður hafi verið á svæðinu öllu á Kollaleiru undanfarin ár, þar af meirihluti þeirra á því svæði sem útboðið nær yfir. Í leigunni felst eingöngu heimild til nýtingar hlunninda af æðarfugli á svæðinu merkt „Kolaleira Leirur“.

Tilboð skal berast bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar í lokuðu umslagi, merkt „Tilboð í nytjarétt æðavarps í Kollaleiru“ fyrir kl. 12:00. 10/6/2024.

Tilboð skal innifela fasta árlega fjárupphæð leigugreiðslu í íslenskum krónum sem verður til greiðslu við undirritun samnings og í maí hvert ár leigutímans.  Tilboð með fyrirvörum eða annarri framsetningu endurgjalds en staðgreiðslu eru ógild.

Bjóðandi skal tilgreina reynslu sína af umönnun æðarvarps ef hún er til staðar.

Áskilin er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Nánari upplýsingar eru veittar á Skipulags- og framkvæmdasviði Fjarðabyggðar á netfanginu runar.hjartarson@fjardabyggd.is    eða í síma 470-9000.